

Mánudaginn 21.05.2012 kl 12:00 var haldinn 6. fundur starfshóps sem sveitarstjórn Húnaþings vestra skipaði á fundi sínum þann 12. janúar sl. um samþykktir og stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags.

Dagskrá:

1. Heimasíða.
2. Reglur og samþykktir.

Afgreiðslur:

1. Störf formanns frá síðasta fundi. Farið yfir drög að nýrri heimasíðu. Samþykkt að heimila verktaka að halda áfram vinnu við heimasíðuna á þeim grunni sem fyrir liggur.
2. Farið yfir innkaupareglur. Verða afgreiddar samhliða stjórnarsýsluendurskoðun KPMG sama gildir um ráðningarreglur og starfsmannastefnu sveitarfélagsins.
Reglur um umferð í þéttbýli í Húnaþingi vestra.
Samþykkt tillaga skipulags- og umhverfisráðs um að bæta inn í reglurnar IV. kafla Borðeyri við Hrutafjörð: Umferð um Borðeyrarveg víki fyrir umferð á þjóðvegi (Strandavegi) en njóti forgangs gagnvart aðliggjandi götum, hámarkshraði umferðar á Borðeyri er 30 km/klst.
Samþykkt að vísa Hafnarreglugerð og samþykkt um gatnagerðargjöld til skoðunar tæknideildar.
Tæknideild falið að gera drög að gjaldskrár fyrir fráveitu og vatnsveitur.
Farið yfir samþykkt um fráveitur í Húnaþingi vestra og samþykkt um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra og þær samþykktar
Farið yfir og samþykktar reglur um fjárhagsaðstoð.
Farið yfir reglur um úthlutun félagslegra íbúða og íbúða fyrir aldraða í Húnaþingi vestra. Reglurnar samþykktar og jafnframt verði umgengnisreglur í fjölbýlishúsum hluti ofangreindra reglna. Samþykkt að næsti fundur verði haldinn þriðjudaginn 29. maí n.k. kl 12:00

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:00

Leó Örn Þorleifsson(sign.),
Sigurður Kjartansson(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.).

Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Ragnar Smári Helgason(sign.).

